



Séð inn í sýningarsalinn.

## Haustsýning FÍM: Verk 41 lista- manns á Kjarvalsstöðum

HAUSTSÝNING Félags íslenskra myndlistamanna 1977 verður opnuð að Kjarvalsstöðum n.k. laugardag. Á sýningunni verða alls 124 myndlistaverk eftir fjöruftu og einn höfund. Af þessum myndlistarhöfundum eru tuttugu og tveir félagar í FÍM, en 19 utan félagsins. Nokkrir hinna síðast nefndu sýna nú myndir í fyrsta sinn á haustsýningu.

Myndlistaverkin á Haustsýningu 1977 eru mjög fjölbreytileg að stærð og gerð. Þarna ber talsvert á litlum myndum og er fróðlegt að bera þær saman við stærri verkin. Á sýningunni eru myndvefnaður, keramikverk, glermyndir, myndverk gerð með blandaðri tækni, höggmyndir eða skulptúrverk auk annars konar hráefnis, sem ónefnt er hér.

Fyrir tveimur árum var Louisa Matthíasdóttir listmálari sérstakur gestur Haustsýningar FÍM, en í þetta sinn hefur sýningarnefnd félagsins valið Guðmund Bene-

diktsson myndhöggvara til kynningar.

Guðmundur Benediktsson myndhöggvari fæddist í Reykjavík árið 1920. Um þrítugt gerðist hann nemandi Asmundar Sveinssonar í Myndlistarskólanum, sem nú er til húsa við Freyjugötu (Asmundarsal). Guðmundur gerðist félagi í FÍM árið 1957 eða fyrir réttum tuttugu árum. Hann hefur alla tíð unnið mikið starf fyrir félagið, en auk þess starfað að sýningarhaldi hjá Listasafni Íslands, Listasafni ASI og Kjarvalsstöðum og situr nú í listaráði Kjarvalsstaða. Guðmundur hefur tekið þátt í fjölda myndlistasýninga bæði hér heima og erlendis t.d. á Norðurlöndum, í Þýskalandi og Bandaríkjunum. Haustsýning FÍM 1977 stendur frá 8.—23. október að Kjarvalsstöðum. Hún er opin virka daga kl. 16.00—22.00, en laugardaga og sunnudaga kl. 14.00—22.00. Húsið er lokað á mánudögum.



Sýningarstjórn Haustsýningar 77 við eitt verka heiðursgestsins Guðmundar Benediktssonar, sem er lengst til vinstri á myndinni.

## Bifreiðaeftirlit í nýtt húsnæði

ÞESSI flutningur okkar hingað er alger bylting, sérstaklega fyrir skrifstofufólkið, sem hefur alla tíð búið við mjög léleg skilyrði, en fær núna mjög rúmgott og

vistlegt húsnæði, sagði Guðni Karlsson, forstjóri Bifreiðaeftirlits ríkisins, er Morgunblaðið ræddi við hann í tilefni af flutningi.

Framhald á bls. 31

Hið nýja aðsetur Bifreiðaeftirlitsins.



## Hausttískan '77

## Herrafötin margumtöluðu nýkomin

Fjölbreytt úrval efna, lita og sniða



# BONA PARTE

LÆKJARGÖTU 2 — SÍMI FRÁ SKIPTIBORÐI 28155